



## Herbergjanýting í Reykjavík skárri en í Skandinavíu í mars



Herbergjanýting á hótelum hér á landi tók miklum umskiptum í marsmánuði. Þannig fór nýtingin hjá hótelum í Reykjavík úr að meðaltali 72,3% fyrstu vikuna í mars niður í 2,1% síðustu vikuna í mars. Ástæðuna fyrir þessum miklu umskiptum má rekja til viðbragða við Covid-19 en mörg af helstu viðskiptalöndum Íslands hafa sett upp víðtækar ferðatakmarkanir bæði innanlands og til og frá löndunum vegna faraldursins.

### Herbergjanýting enn verri í Skandinavíu

Þessi neikvæðu áhrif ferðatakmarkana eiga ekki bara við um Ísland. Herbergjanýting á hótelum og ferðapjónusta víða um heim er í mikilli krepptu um þessar mundir. Herbergjanýting í höfuðborgum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja hefur einnig hrunið í marsmánuði. Herbergjanýting í höfuðborgum Skandinavíu lá á bilinu 24-26% í mars en til samanburðar var hlutfallið 37,5% í Reykjavík og því töluvert hærra en í Skandinavíu. Í mars í fyrra var herbergjanýting í Skandinavíu á bilinu 63-74% en hún var 82% í Reykjavík.

### Tekjurnar drógust saman um 98% milli ára

Herbergjanýtingin síðustu vikuna í mars gefur smjörþefinn af því sem koma skal á allranæstu vikum, a.m.k. meðan ferðatakmarkanir eru jafn strangar og í dag. Flest bendir til þess að ekki verði slakað á ferðatakörkunum í helstu viðskiptalöndum fyrr en í fyrsta lagi í maí, hugsanlega síðar. Jafnvel þó ferðatakörkunum verði aflétt ríkir töluverð óvissa um hvenær fólk fer að ferðast til annarra landa á ný. Þessi þróun hefur í raun kippt fótunum undan rekstri hótela til skemmri tíma lítið en tekjur hótela í Reykjavík síðustu vikuna í liðnum marsmánuði voru einungis 2% af tekjum síðustu vikuna í mars á síðasta ári. Stórar hótélkeðjur hér á landi hafa brugðið á það að ráð að loka hluta starfseminnar meðan mestu ferðatakmarkanirnar verða í gildi. Stærsta hótélkeðja landsins, Íslandshótel, sem hefur yfir að ráða 1.850 herbergjum, hyggst loka 5 af 17 hótelum





sínum bæði innan og utan höfuðborgarsvæðisins. Icelandair Hotels og Center Hotels hafa einnig lokað hótélum tímabundið. Eflaust munu hótél hér á landi rétt eins og önnur fyrirtæki í ferðapjónustu nýta sér útspil stjórnvalda um greiðslu hluta launa fari starfsmenn í skert starfshlutfall. Sú ráðstöfun mun að einhverju leyti milda höggið og styðja ferðapjónustuna í gegnum þetta ástand.

### **Munu aukin ferðalög Íslendinga innanlands milda höggið?**

Ferðalög erlendra ferðamanna inn í landið hafa stöðvast en það hafa einnig brottfarir Íslendinga til annarra landa. Það þýðir að eftirspurn ferðalaga Íslendinga mun að einhverju leyti færast inn í landið á næstu mánuðum. Gistinóttum Íslendinga á hótélum innanlands fjölgaði um fjórðung í janúar og var það þá mesta fjölgun sem mælst hafði síðan í júní 2018. Þessari fjölgun í janúar var fylgt eftir með annarri eins fjölgun nú í febrúar. Það verður athyglisvert að fylgjast með fjölgun gistinóta Íslendinga á innlendum hótélum á næstunni. Samkomubann og fyrirmæli um að takmarka ferðalög hér innanlands munu eflaust hafa neikvæð áhrif, a.m.k. til næstu vikna, en upp frá því kann aukin gisting Íslendinga á hótélum að milda það högg sem brotthvarf erlendra ferðamanna mun valda. Í því samhengi má benda á að gistinætur Íslendinga voru tæplega 10% allra gistinóta á hótélum hér á landi á síðasta ári. Þetta hlutfall er þó mjög breytilegt eftir landsvæðum. Það var hæst á Vesturlandi og Vestfjörðum, eða tæplega fjórðungur. Næst hæst var það á Norðurlandi, eða tæplega fimmtungur. Lægst var það á höfuðborgarsvæðinu, 6,5%. Af þessu má álykta að hugsanlega kunni ferðatakmarkanir milli landa að lenda með mýkstum hætti á annars vegar Vesturlandi og Vestfjörðum og hins vegar á Norðurlandi.

### **Áhrif faraldursins byrjuðu að koma fram í febrúar**


Áhrif af Covid-19 faraldrinum á íslenska ferðapjónustu höfðu þegar birst að hluta til í febrúar. Þá dróst fjöldi gistinóta erlendra ferðamanna saman um 6,9% og má rekja þann samdrátt að langmestu leyti til fækkunar kínverskra ferðamanna. Veiran kom upp í Kína og ferðatakmarkanir höfðu þegar verið sett á í Kína í febrúar sem höfðu áhrif á komur kínverskra ferðamanna hingað til lands.

**Fjölgun gistinóta Íslendinga á innlendum hótélum**



Breyting frá sama mánuði árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands

**Hlutdeild gistinóta Íslendinga á innlendum hótélum 2019**



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.